

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS

Brussel, 21.nóvember 2001

HVÍTBÓK FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ESB
NÝ SÓKN Í MÁLEFNUM EVRÓPSKRA UNGMENNA

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	3
1.0 Forsaga Hvítbókar.....	4
2.0 Áskoranir.....	7
2.1 Aldursskipting Evrópubúa.....	7
2.2 Ungt fólk í mótun.....	7
2.3 Þátttaka ungmenna í þjóðlífínu.....	8
2.4 Evrópsk samþætting.....	8
2.5 Hnattvæðingin.....	8
3.0 Viðhorfskönnun.....	9
3.1 Lykilatriði.....	10
4.0 Metnaður í samvinnu.....	12
4.1 Málefni ungs fólks.....	12
4.1.1 Samræming aðgerða.....	12
4.1.2 Svigrúm til samræmingar í málefnum ungs fólks.....	13
4.2 Stefnumótun taki tillit til ungs fólks.....	16
4.3 Hlutverk UFE styrkjaáætlunarinnar.....	19
5.0 Lokaorð.....	19

INNGANGUR

Sú ákvörðun að ráðast í viðamikla viðhorfskönnun og síðar að gefa út Hvítbók um stefnu ESB í málefnum ungs fólks byggist aðallega á þeirri ósk að teknir verði upp nýir stjórnhættir í Evrópu.

Hvítbókin er í fullu samræmi við Hvítbók Framkvæmdastjórnar ESB um stjórnhætti, sem gefin var út í júlí 2001. Markmiðið er að ungt fólk komi að ákvarðanatöku innan ESB, enda hafa flestar ákvarðanirnar með framtíðina að gera, og þar með unga fólkið.

Ungt fólk til forystu

Niðurstöður viðhorfskönnunarinnar, sem gerð var fyrir útkomu Hvítbókarinnar, eru mjög skýrar: Gildismat og metnaður ungmenna í Evrópu eru mjög svipuð þrátt fyrir ólíkar aðstæður. Að sama skapi standa þau frammi fyrir áþekktum erfiðleikum. Ungmenni ganga í gegnum miklar breytingar nú á dögum. Þau ætla sér út á vinnumarkaðinn og síðar að stofna fjölskyldu. Þau sveiflast stöðugt milli vinnu og náms. Lífið er því mun flóknara hjá ungmennum í dag en það var áður. Menntastofnanir, atvinnulífið og samfélagið í heild eru heldur ekki eins samtvinnuð og áður. Þessar breytingar hafa m.a. orðið til þess að ungt fólk öðlast sjálfstæði síðar á lífsleiðinni.

Þróunin endurspeglar í óöryggi og vantrausti ungmennanna á þeim sem taka ákvarðanir. Einnig skapast óánægja með þátttöku í æskulýðssamtökum og þjóðlífinu í heild. Ungmennum finnst sumum sem málefni þeirra eigi lítinn hljómgrunn meðal hinna eldri sem móta stefnuna. Sum ungmenni leita skjóls í skeytingarleysi eða einstaklingshyggju á meðan aðrir kjósa að tjá skoðanir sínar með öfgafullum hætti og jafnvel á mörkum hins lýðræðislega. Meirihluti ungmenna vill þó hafa áhrif á stefnumótanir en hefur ekki fundið skoðunum sínum réttan farveg.

Ungir Evrópubúar hafa ýmislegt til málanna að leggja. Efnahagsbreytingar, lýðfræðilegt jafnvægi, hnattvæðing og fjölmennung hafa jú fyrst og fremst áhrif á unga fólkið. Við gerum þá kröfu að þau: 1) myndi ný félagsleg tengsl; 2) sýni samstöðu á ólíkan hátt; 3) höndli ágreining og nýti hann til góðs. Allar þessar kröfur eru gerðar til ungmennanna þrátt fyrir að þau þurfi sífellt að taka á ófyrirsjáanlegum aðstæðum.

Þrátt fyrir að félagslegt- og efnahagslegt umhverfi verði sífellt flóknara er unga fólkið vel í stakk búið til að aðlagast breyttum aðstæðum. Það er hlutverk þeirra sem móta stefnuna, bæði innanlands og innan ESB, að greiða fyrir þessum breytingum með því að fela ungu fólki ábyrgð á skiptingu opinbers fjár.

Ungt fólk og Evrópa

Skiptar skoðanir eru um framtíð Evrópu. Ný sjónarmið munu líta dagsins ljós eftir fordæmislausu stækkun ESB. Mjög greinilega hefur borið á þeirri skoðun undanfarin ár að ESB verði að aðlagast íbúum álfunnar. Mikilvægt er að ungmenni í Evrópu fái að koma að mótun stjórnhátta og framtíðarsýnar ESB. Evrópusamstarfið er sjálft mjög ungt,

enn í mótun og afar umdeilt. Eigi það að taka framförum er þörf á metnaði og eldmóði. Einnig þarf unga fólk að sýna grundvallar gildum sambandsins skilning.

Ungt fólk vill að rödd þess heyrast og að þau fái að taka fullan þátt í þessu ferli. Það vill vera með í mótun Evrópu og hafa áhrif á umræðuna um þróun mála innan hennar. Það er kominn tími til að líta á ungt fólk sem jákvætt afl fremur en vandamál. M.ö.o. þurfum við að skapa vettvang fyrir ungt fólk þar sem það getur komið fram með hugmyndir sínar og borið þær saman við hugmyndir annarra.

Fyrst og fremst Evrópubúar

Flestar þær hugmyndir sem fram koma í Hvítbókinni varða aðildarþjóðirnar og önnur svæði í Evrópu sem hafa lagt mikla vinnu í aðgerðir sem snerta ungt fólk. Þegar unga fólk sér árangur af ábyrgðarstörfum sínum upplifir það borgararéttindi sín í hnotskurn. Með þátttöku í skólastarfi, grenndarstarfi, starfi bæjarfélaga og félagasamtaka fær unga fólk þá reynslu og sjálfstraust sem nýtist þeim, t.d. í Evrópumálum. Ef unga fólk á að nýta borgararéttindi sín og stuðla að samstöðu í samfélaginu, þarf það að taka virkan þátt í félagsstarfi sem er öllum opið og laust við hvers konar mismunun.

Þó er mikilvægt að öll æskulýðsstarfsemi einkennist af evrópskri vídd. Evrópsk vídd eflir árangur og samvirkni og hvetur unga fólk til ábyrgðar. Slíkt er vilji ungmennanna sjálfra, Evrópuþingsins, aðildarþjóðanna og einnig kom þessi vilji fram í viðhorfskönnun Framkvæmdastjórnar ESB. Því var ákveðið að Hvítbók þessi hefði að geyma tillögur að nýjum samstarfsramma. Tillögurnar eru í tveimur liðum: Annars vegar að æskulýðsstarf landanna verði samræmt og hins vegar að tekið verði meira tillit til málefna ungmenna í allri stefnumótun.

Sú evrópska vídd sem áður er getið mun leiða til aukinnar atorku og örva sköpunargleði. Hún hvetur aðila til að bera sig saman og læra hver af öðrum. Hún mun einnig stuðla að viðurkenningu á því sem einstaklingar og æskulýðssamtök eru að gera, bæði á lands- og Evrópuvísu. Evrópska víddin mun stuðla að sameiginlegri sýn og gefa betri mynd af málefnum sem snerta ungt fólk. Hún mun bæta starfsárangur, samstarf, og sameiginlega markmiðssetningu.

Skapa verður ungmennum aðstæður sem gera þeim kleift að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu þjóðfélagi. Það verður gert með eftirfarandi hætti: Hlusta þarf á rödd unga fólksins; gefa þarf þeim tækifæri á að sýna frumkvæði; hvetja þarf aðildarþjóðirnar til aukins samstarfs sín á milli; uppgötva þarf nýjar leiðir innan gildandi ESB-áætlana; málefni ungmenna þurfa að fá aukið vægi í öllum málaflokkum.

1.0 Forsaga Hvítbókar

Eftir stækkun Evrópusambandsins munu 75 milljónir ungmenni á aldrinum 15-25 ára búa þar¹. Þrátt fyrir ólíkar aðstæður (varðandi atvinnumál, menntamál, fjölskylduhagi, tekjur, o.s.frv.) lítur ungt fólk á sig sem fullgilda þjóðfélagsþegna með öllum þeim skyldum og réttindum sem því fylgir. Fjárfesting í æskunni er fjárfesting í auði samfélagsins. En það er lykillinn að því að ná markmiðum leiðtogaáráðsins sem kom saman í Lissabon: Að gera Evrópu að „besta hagkerfi heims“.

Samningar aðildarríkjanna eru undirstaða aðgerða í hinum ýmsu málaflokkum² er snerta ungmenni beint eða óbeint, s.s. mismunun, evrópskan ríkisborgararétt, atvinnumál, félagslega einangrun, menntun, starfsþjálfun, menningu, heilbrigðismál, neytendamál, ferðafrelsi, umhverfisvernd, hreyfanleika ungra rannsóknarmanna, þróunarsamvinnu og fátækt.

Sumar aðgerðir sambandsins hafa bein áhrif á ungt fólk. Þær eru t.d. á eftirtöldum sviðum: Menntamál, atvinnumál, starfsþjálfun og aðgengi að upplýsingatækni, svo fátt eitt sé nefnt.

Auk áður nefndra aðgerða sem hafa bein áhrif á ungt fólk má nefna aðgerðir sem hvetja til: 1) hreyfanleika, 2) samskipta milli menningarhópa, 3) þátttöku í samfélaginu og 4) sjálfböðastarfa. Í þessu samhengi og í samræmi við 149. grein sáttmálans, hefur ESB ýtt úr vör ýmsum áætlunum, t.d. Ungu fólki í Evrópu (UFE), sem hafa leitt til hreyfanleika og samstarfs ungmenna. Þessi samvinna hefur smám saman aukist og farið inn á ný svið, s.s., upplýsingamál, ungmennaskipti og sjálfböðaðþjónustu.

Að auki eru nokkur almennari svið (t.d. þátttaka og sjálfstæði ungs fólks) sem heyrir ekki beint undir sambandið. Þessi svið ber þó að gaumgæfa vegna stjórnmalalegra áhrifa þeirra og tengsla við stefnumið í æskulýðsmálum. Þannig vill ESB sjá aðildarþjóðunum fyrir úrræðum svo þau geti samræmt aðgerðir sínar á þessum sviðum.

Þær aðgerðir í æskulýðsmálum sem um ræðir hafa fengið fullan stuðning Evrópuþingsins, bæði við gildistökur áætlana og við kynningar á þeim meðal ungs fólks. Ráðherranefnd sem fjallar um æskulýðsmál hefur ályktað um þátttöku ungmenna, menntunargildi íþróttar, menningarlega samþættingu og frumkvæði og nýsköpun ungs fólks. Efnahags- og félagsmálanefndin ásamt svæðanefndinni samþykkja reglulega mjög jákvæðar og hvetjandi álitserðir er varða málefni ungs fólks.

Sú spurning vaknar hvort hér sé nóg að gert til að mæta þeim ólíku áskorunum sem ungt fólk stendur frammi fyrir í dag. Þá má einnig spyrja hvort hæfileikar ungs fólks fái notið sín til fulls í stefnumótun sambandsins. Staðreyndin er sú að samþykktir og yfirlýsingar

¹ „Ungmenni“ teljast þeir sem eru á aldrinum 15-25 ára samkvæmt skilgreiningu Evrópuþingsins og Framkvæmdastjórnar ESB sem finna má í YOUTH ungmennaáætluninni. Með „Stækkun Evrópusambandsins“ er átt við núverandi aðildarþjóðir og þær 12 þjóðir sem sótt hafa um aðild.

² Sbr. viðauka 2 „Yfirlit aðgerða í æskulýðsmálum Evrópu“. Í viðaukanum má finna allar aðgerðir sambandsins er varða málefni ungmenna. Allar aðgerðir í framtíðinni skulu unnar útfrá þessum aðgerðum.

um málefni ungs fólks hafa ekki alltaf komist til framkvæmda. Evrópskar stofnanir og aðildarþjóðir skortir heildar yfirsýn yfir stefnumálin og fara því á mis við hinar ýmsu áætlanir sem ætlað er að styðja við bakið á ungu fólki. Núgildandi samstarfsáætlun í málefnum ungmenna virðist vera komin á það stig að ekki er hægt að bregðast við nýjum aðstæðum. (sjá lið 2.0):

- Lýðfræðis- og þjóðfélagslegar breytingar, sem gera samskipti ólíkra aldurshópa flóknari;
- Bilið á milli ungmenna og hins opinbera breiðkar stöðugt innanlands, í Evrópu og á heimsvísu. Það eykur hættuna á „sinnuleysi þegnanna“.
- Auka þarf umræðuna um framtíð ESB, sem lýðræðislegs valds. Þá þarf að hvetja til aukinna tengsla við almenning, sbr. Hvítbók um stjórnhætti Evrópu³.

Eitt af fjórum forgangsverkefnum Framkvæmdastjórnar ESB er að stuðla að nýjum stjórnarháttum í Evrópu. Hugtakið „stjórnhættir“ vísar til allra reglna, kerfa, framkvæmda og alls reksturs er varðar skipulagningu og staðsetningu valdastofnana. Það er vilji Framkvæmdastjórnarinnar að auka aðgengi að ákvarðanatökum svo almenningur geti haft áhrif á þær ákvarðanir er snerta hann.

Sá vilji ESB að færa stjórnhætti til nútímalegs horfs, byggir á fimm grundvallar þáttum: víðsýni, þátttöku, ábyrgð, árangri og samræmi.

Þessir fimm þættir eiga hvergi betur við en í málefnum ungs fólks:

- **Víðsýni:** Sjá ungu fólki fyrir upplýsingum og boðskiptaaðferðum á þeirra eigin tungumáli svo það átti sig á starfsemi ESB og þeim stefnumálum sem snerta það.
- **Þátttaka:** Leitað verði ráða hjá ungu fólki. Þau þurfa að taka meiri þátt í ákvarðanatökum sem snerta það og samfélag þess almennt.
- **Ábyrgð:** Unnið verði að því að endurbæta samstarf aðildarþjóða og stofnana ESB. Þannig má, með aukinni ábyrgð ungmennanna, finna leiðir til að uppfylla væntingar þeirra.
- **Árangur:** Hæfileikar ungs fólks fái notið sín til fulls svo það geti brugðist við áskorunum samfélagsins. Það fái að koma að stefnumótun í þeim málefnum sem snerta það og móta Evrópu til framtíðar.
- **Samræmi:** Taka þarf saman yfirlit yfir þau stefnumál sem snerta ungt fólk og skilgreina þarf hvenær íhlutun sé gagnleg.

Hvítbók þessi er ávöxtur umræðna um stjórnhætti ESB. Af öðrum ávöxtum umræðnanna mætti helst nefna hina umfangsmiklu viðhorfskönnun sem þegar hefur verið framkvæmd.

³ “stjórnarhættir Evrópu – Hvítbók”, COM(2001)428, 25.07.2001.

2.0 ÁSKORANIR

2.1 Aldursskipting Evrópubúa

Meðalaldur í Evrópu fer hækkandi sökum langlífis og fækkunar barnsfæðinga. Árið 2000 voru 16% íbúa aðildarríkja á aldrinum 65-90. Árið 2020 má búast við því að 21% íbúa verði 65-90 ára og þá verði aldurshópurinn 15-24 ára aðeins 11% íbúa.⁴

Þessi mikli munur á fjölda ungmenna annars vegar og aldraðra hins vegar mun leiða til nýrra samskiptamynstra milli kynslóða. Á sama tíma veður velferðarkerfið fyrir auknum efnahagslegum þrýstingi. Nauðsynlegt verður að finna nýjar leiðir til að efla samstöðu ungmenna og foreldra. Mikilvægast er þó að marka stefnu þessara umskipta sem nú eiga sér stað í samfélagi mikilla breytinga.

Hærri meðalaldur leiðir til skorts á vinnuafli. Því verður þörfin á vinnuafli frá löndum utan ESB stöðugt meiri. Þjóðlega og félagslega fjölbreytni þarf að auka í samfélögum okkar, en einnig fjölbreytni í trúarbrögðum og tungumálum. Finna þarf öllum þessum breytingum réttan farveg, sérstaklega þar sem þær snerta ungt fólk. Sé ætlunin að forðast félagslega spennu eða neikvæðar afleiðingar á menntakerfið og vinnumarkaðinn þarf að gera ráðstafanir í tíma.

2.2 Ungt fólk í mótun

Líf ungmenna hefur breyst mikið á undanförunum árum í félags-, efnahags- og menningarlegu tilliti. Því valda m.a. lýðfræðilegar og samfélagslegar breytingar, breytt hegðunarmynstur einstaklinga og hópa, breytt samskiptamynstur fjölskyldna og breyttar aðstæður á vinnumarkaði.⁵

Fyrst ber að nefna að nú á tímum eru æskuárin fleiri en áður. Lýðfræðingar hafa komist að því að vegna þrýstings efnahagslegra- (framboð vinnuafls, atvinnuleysi o.fl.), félagslegra-, og menningarlegra þátta er ungt fólk stöðugt lengur að ná eftirtöldum áföngum: námslokum, innkomu á vinnumarkaðinn, stofnun fjölskyldu o.s.frv.

Í öðru lagi má nefna að hin mörgu hlutverk okkar í lífinu verða stöðug óljósari.⁶ Það er t.d. hægt að vera námsmaður, gegna skyldum innan fjölskyldu, vera í vinnu, vera að leita að vinnu og búa í foreldrahúsum samtímis. Ungmenni skipta mjög ört á milli þessara hlutverka nú til dags. Lífsbrautin verður stöðugt óreglulegri á sama tíma og samfélögin bjóða ekki sama öryggi og áður (atvinnuöryggi, almannatryggingakerfi, o.s.frv.).

⁴ Heimild: Hagstofa ESB, Lýðfræðileg tölfræði, 1999.

⁵ Sbr. skýrslu sem lögð var fram á Umeå ráðstefnunni í mars 2001 (<http://europa.eu.int/comm/education/youth/ywp/umeareport.html>)

⁶ „Jeunesse, le devoir d'avenir“, *Commissariat Bénéraldu Plan*, Skýrsla nefndar sem Dominique Charvet veitti forstöðu, mars 2001, bls.33.

Í þriðja lagi má nefna að samstarf fólks er á undanhaldi og velferð fólks byggir meira og meira á frumkvæði einstaklingsins. „Hugmyndir fólks um hjónaband, fjölskyldu og frama eru ekki lengur staðlaðar“.⁷ Þessi þróun hefur haft mikil áhrif á stefnumið stjórnvalda.

2.3 Þátttaka ungs fólks í þjóðlífinu

Ungt fólk í Evrópu hefur yfirleitt mjög mikinn áhuga á að hlúa að lýðræðinu og þá sérstaklega að nýta lýðræðisleg réttindi sín. Þó hefur borið á vantrausti þeirra í garð opinberra stofnana. Ungt fólk hefur ekki eins mikinn áhuga á hinum hefðbundnu stjórnmalalegu öflum (t.d. stjórnmalaflokkum og verkalýðsfélögum) og áður var. Skoðanir þeirra eru því ekki áberandi í umræðum og ákvarðanatökum. Félagasamtök ungs fólks finna fyrir þessu áhrifaleysi og gera sér grein fyrir þörfinni á breytingum.⁸

Ekki má þó skilja þetta svo að ungt fólk hafi ekki áhuga á þjóðlífinu. Flest ungmenni vilja vera með í og hafa áhrif á mikilvægar ákvarðanatökur en þau vilja gera það annars staðar en í stjórnmalahreyfingum og/eða stofnunum.

Það er hlutverk valdhafanna að brúa það bil sem myndast hefur á milli áhugasamra ungmenna og stjórnkerfisins. Verði það ekki gert getur það haft slævandi áhrif á þegnskap almennings og jafnvel leitt til mótmæla.

2.4 Evrópsk samþætting

Þessi þróun á einnig við um ESB, sem ungt fólk hefur blendnar tilfinningar til. Í huga ungmennanna er Evrópa staður þar sem virðing er borin fyrir grundvallar gildum, en hún er einnig sá staður þar sem þau búa, starfa og ferðast. Þeim finnst stofnanir ESB vera fjarlægjar og starfsemi þeirra óaðgengileg. Þessi gjá á milli ungs fólks og Evrópu er aðeins eitt dæmi um fjarlægðina á milli Evrópubúa og „Brussel“.⁹ Sé litið til markmiða ESB, sérstaklega m.t.t. fyrirhugaðrar stækkunar, er gríðarlega mikilvægt að auka þátttöku ungmennanna. Þeim þarf að vera boðið „um borð“ sem virkir þátttakendur í verkefnum sem hæfa þeirra aðstöðu, áhuga og möguleika.

2.5 Hnattvæðingin

Þessi tvískipting á sér einnig stað á milli ungmenna og hnattvæðingarinnar. Ungmenni í Evrópu tilheyra samfélögum sem eru opin fyrir utanaðkomandi áhrifum, s.s. menningar- og efnahagslegum. Þau líta fyrst og fremst á sig sem íbúa heimsins og hika ekki við að

⁷ „Jeunesse, le devoir d'avenir“, sama skýrsla, bls.35.

⁸ Evrópuathugun 55.1, um ungt fólk í Evrópu árið 2001 (EA. 55.1), gefur til kynna að félagasamtök og hreyfingar höfði ekki nægilega vel til ungs fólks. Annað hvert ungmenni segist ekki taka þátt í starfi neinna félagasamtaka eða hreyfinga. Munur er á milli landa hvað þetta varðar (nærri 80% ungmenna í Hollandi er í félagasamtökum eða hreyfingum, en í Portúgal er hlutfallið aðeins 30%). Þessar ólíku niðurstöður ná til allra landa að Belgíu og Luxemburg undanskildum. Af þeim sem eru í félagasamtökum eða hreyfingum eru flestir í íþróttahreyfingum (28%). Í æskulýðssamtökum eru færri (7%) og enn færri í verkalýðsfélögum og stjórnmalaflokkum (4%).

⁹ Sbr. „Hvítbók um stjórnhætti ESB“, sama skýrsla.

tileinka sér þá vöru og þjónustu sem eru tákn hnattvæðingarinnar.¹⁰ Á sama tíma deila þau um áhrif hnattvæðingarinnar með vísan í félagslegt réttlæti, víðsýni og sjálfbæra þróun. Þau hafa efasemdir um alþjóðlegar stofnanir, sem í þeirra augum eru óaðgengilegar, almenningi huldar og áhugalausar um málefni ungs fólks. Þetta vægast sagt blendna samband á milli ungs fólks og hnattvæðingarinnar bendir til einhvers konar brests sem bregðast verður við.

Þetta er mjög í samræmi við umræðuna um hnattvæðingu: „Hnattvæðingin er komin til að vera, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Okkar hlutverk er að hafa stjórn á henni svo áhrif hennar verði jákvæð fyrir mannkyn allt.“¹¹

Nú stöndum við frammi fyrir gríðarlegri áskorun. Ungt fólk þarf að búa við aðstæður sem hvetur það til ábyrgðar, þátttöku, og umburðarlyndis í fjölhyggjusamfélagi nútímans. Ein mesta áskorunin felst í að auka virka þátttöku ungmenna í bæjar-, lands-, og Evrópumálum. Slíkt verður ekki gert í eitt skipti fyrir öll, heldur þarf stöðugt að hvetja Evrópubúa til virkrar þátttöku.

3.0 Viðhorfskönnun

Í lok árs 1999 greindi Framkvæmdastjórn ESB frá þeim áformum sínum að gefa út Hvítbók um evrópska samvinnu í æskulýðsmálum. Þörfin var brýn þar sem þáverandi samvinna var mjög takmörkuð. Við framkvæmd viðhorfskönnunarinnar sem gerð var fyrir útkomu Hvítbókarinnar fékk hún fullt samþykki aðildarríkja ESB, forsetaembætta og Evrópuþingsins.

Umfangsmikil viðhorfskönnun

Hvítbók þessi er byggð á niðurstöðum viðhorfskönnunar sem gerð var á tímabilinu mars 2000 til mars 2001. Leitað var til ungs fólks með ólíkan bakgrunn, æskulýðssamtaka, vísindasamfélagsins, stefnusmiða og stjórnsýslunnar. Hvað varðar umfang, tímalengd, fjölbreytileika ráðgjafa og allar þær upplýsingar sem eftir könnunina liggja, er hún sú umfangsmesta sem gerð hefur verið í Evrópu. Sum aðildarríki höfðu aldrei áður tekið þátt í viðhorfskönnun. Umfang viðhorfskönnunarinnar var gríðarlegt eins og sjá má á eftirfarandi upptalningu.

- Aðildarríkin héldu 17 landsráðstefnur. Nokkur þúsund ungmenni tóku þátt og árangurinn er 440 tillögur.
- Fundur evrópskra ungmenna í París í október 2000 fór yfir niðurstöður landsráðstefnanna með Evrópu í huga. Þar komust 450 ungmenni frá 31 landi að samkomulagi um 80 tillögur.

¹⁰ M.a. á sviði upplýsingatækni, s.s. Internetið, tölvupóst og GSM síma. Samkvæmt Evrópuathugun 55.1 nota 43% ungmenna (15-25 ára) reglulega tölvu, Netið, tölvupóst, tölvuleiki o.s.frv. Hefur þetta hlutfall meira en tvöfaldast síðan 1997, en þá var það 21%. Einnig er athyglisvert að 80% þessa aldurshóps notar GSM síma.

¹¹ Sbr. ræðu Romano Prodi þ. 20.7.2001

(http://europa.eu.int/comm/commissioners/prodi/globalisation_en.htm).

- Efnahags- og félagsmálanefndin ræddi við um 60 félagasamtök í Brussel í febrúar 2001.
- Leitað var á lits 12 fulltrúa vísindasamfélagsins sem lagt hafa stund á atferlisrannsóknir og þeir beðnir um upplýsingar um hugsanlega framtíðarþróun mála.
- Fundir um stefnumótun voru haldnir með stjórnendum og fulltrúum æskulýðsráða í öllum höfuðborgum ESB. Einnig voru haldnir tveir fundir með yfirmönnum æskulýðsmála (annar til að hrinda af stað þessari tvíhliða fundalotu og sá síðari til að draga saman niðurstöður).
- Fundur var haldinn í Umeå í mars 2001. Ungt fólk, fulltrúar frá æskulýðssamtökum, þeim sem vinna að æskulýðsrannsóknum og fulltrúum stjórnvalda ræddu mikilvægustu aðgerðir.
- Umræðufundur var haldinn á Evrópuþinginu þann 24. apríl 2001. Tæplega 300 manns, aðallega ungt fólk, tók þátt í honum.

Viðhorfskönnuninni er hvergi nærri lokið. Stjórnvöld í Belgíu undirbjó ráðstefnu í Ghent sem var haldin í nóvember 2001. Þar fékk Framkvæmdastjórn ESB kjörið tækifæri til að kynna Hvítbókina og opna umræðuna um hana.

Niðurstöður viðhorfskönnunarinnar staðfesti mikilvægi nýrrar sóknar í málefnum evrópskra ungmenna. Nánari upplýsingar um könnunina er að finna í viðauka 1.

Sérhvert ungmenni vill að stefna stjórnvalda endurspegli eigin væntingar. Ungmennum finnst aðgerðir stjórnvalda í bæjar-, lands-, og Evrópumálum oft illa til fundnar og úr tengslum við þeirra eigin hugðarefni. Ungmennin krefjast hugarfarsbreytingar og nýrra starfshátta, en umfram allt vilja þau fá að taka fullan þátt í stefnumótuninni.

3.1. Lykilatriði

Niðurstöður viðhorfskönnunarinnar hafa nú verið settar saman í fjögur lykilatriði.

➤ Ungmenni taki virkan þátt í þjóðlífinu

Þau ungmenni sem tóku þátt í viðhorfskönnuninni líta á sig sem ábyrga þjóðfélagsþegna. Þau vilja auka virkni sína í þjóðlífinu almennt og að sjónarmið þeirra fái hljómgrunn. Þessi skýri vilji ungmennanna þarf að komast til framkvæmdar á hinum ýmsu stigum stjórnsýslunnar, bæði heima fyrir og á alþjóða vettvangi. Auka þarf virkni og ábyrgð þeirra á öllum sviðum, hvort heldur sem er til lengri eða skemmri tíma. Virkni unga fólksins má ekki einskorða við samráð og enn síður við skoðanakannanir. Ungmennin þurfa að fá að koma að sjálfum ákvarðanatökunum.

Þá þarf að hvetja öll ungmenni til þátttöku án þess að undanskilja þá sem eiga erfiðast með þátttöku. Einnig þarf að auðvelda aðgengi þeirra sem standa utan félagasamtaka, að stjórnsýslunni.

Eigi að auka þátttöku ungmenna í þjóðlífinu eru upplýsingar nauðsynlegar og á því sviði vænta ungmennin mikils. Þau gera sér grein fyrir fjölbreytileika viðfangsefnanna (atvinnuleysi, vinnuáðstæður, húsnæðismál, menntamál, heilbrigðismál, o.s.frv.) og að fyrirbyggjandi upplýsingar um áætlanir ESB eru takmarkaðar. Væntingar ungmennanna snúa því fyrst og fremst að því að aðgerðapörfin sé viðurkennd. Þá hefur unga fólk lagt áherslu á mikilvægi jafnræðis og vandaðs siðferðis. Að auki hefur áhersla verið lögð á mikilvægi notendavænna upplýsinga fyrir ungt fólk, bæði hvað varðar efni og dreifingu.

➤ **Tilraunastarfsemi verði viðurkennd og aukin á vissum sviðum**

Ungt fólk vill gjarnan sjá yfirvöld viðurkenna að til eru fleiri form menntunar og þjálfunar en hin hefðbundnu. Það væri menntun þeirra til góðs ef litið væri á hana í víðara samhengi og tillit tekið til óformlegra hliða menntunar og þjálfunar.

Því þarf að leggja aukna áherslu á hreyfanleika og sjálfbodaþjónustu, sem enn hafa ekki náð mikilli útbreiðslu, hvað þá viðurkenningu. Ungt fólk telur að hér sé um forgangsatridi að ræða sem taka verði tillit til í menntastefnum. Það vill að þessi reynsluheimur verði viðurkenndur og fjármunum veitt til málaflokksins. Ef vel á að takast til, þarf tengingin á milli formlegrar og óformlegrar menntunar að taka tillit til reynsluheims einstaklingsins. Þá þarf að beita aðferðum sem henta ungu fólki, efla jafningjaskipti og tilraunastarfsemi þar sem tilraunaferlið sjálf er mikilvægara en niðurstöðurnar.

➤ **Aukið sjálfstæði ungs fólks**

Ungt fólk gerir kröfu um sjálfstæði. Sjálfstæðið er háð því hvaða úrræði unga fólkíð hefur, einkum hvaða gögnum það býr yfir. Tekjur skipta gríðarlegu máli í þessu sambandi. Stefnumótun í atvinnumálum, samfélagsvernd og samþættingu vinnumarkaðarins hafa bein áhrif á ungt fólk, en einnig í húsnæðis- og samgöngumálum. Þessi mál skipta ungmennin miklu ef þau eiga að öðlast sjálfstæði fyrr á lífsleiðinni. Því þurfa sjónarmið og hagsmunir ungmennanna að fá hljómgrunn því þrátt fyrir ungan aldur búa þau yfir ákveðinni reynslu. Þau vilja taka virkan þátt í samfélaginu og þegar þau sjá að ákveðnir þættir ganga á rétt þeirra þá mótmæla þau.

➤ **ESB stendur vörð um gildismat**

Mikill meirihluti ungmenna hefur samskonar gildismat og felst í evrópskri samþættingu. Samt sem áður líta þau á stofnanir sem óaðgengilegar ungu fólki.

Vegna ólíks reynsluheims ungmennanna, finna þau fyrir óvissu og óttast erfiðleika í einka- og atvinnulífinu. Þessi meðvitund um eigin veikleika skýrir líklega að hluta til áhyggjur þeirra af hinum sem minna mega sín. Þau telja að grundvallarréttindi einstaklingsins séu langt frá því að vera í höfn, hvað þá réttindi minnihlutahópa. Þá þurfi með öllum tiltækum ráðum að komast fyrir hvers konar mismunun og kynþáttafordóma.

Ungmenni í Evrópu hafa sama gildismat og ESB. Þau ætlast til þess að ESB komi til móts við vonir þeirra og þrár.

4.0 Metnaður í samvinnu

Í Hvítbók þessari er leitast við að svara þeim spurningum sem komu fram í viðhorfskönnuninni. Eiginleg stefnumótun í málefnum ungmenna er í meginatriðum á könnu aðildarríkja ESB. Í sumum löndum er hún jafnvel í höndum landshluta og sveitarfélaga. Þær ákvarðanir sem teknar eru í heimabyggð hafa mest áhrif á daglegt líf ungmennanna. Eðli málsins samkvæmt þarf því að dreifa ábyrgðinni, en af því myndi hljóta viss hagræðing. Þá þarf að samræma aðgerðir á þessu sviði vegna aukinnar evrópskrar samvinnu, en slíkt myndi auka áhrif allra aðgerða.

Af þessum sökum er það meginmarkmið Hvítbókarinnar að færa ESB nýjan ramma um samvinnu í málefnum ungs fólks. Þessi nýi rammi er í senn metnaðarfullur, raunhæfur og uppfyllir væntingar unga fólksins, auk þess sem forgangsatriði hans komu fram í viðhorfskönnuninni. Þá er tekið tillit til hinna fjölmörgu aðila sem að málinu koma. Þessa samvinnu þarf að byggja á núverandi starfsemi auk þess sem hún þarf að vera hrein viðbót við og samrýmanleg öðrum framtaksverkefnum. Á það sérstaklega við um atvinnumál, menntamál og félagslega samþættingu. Auk þess þarf hún að auðvelda samvinnu milli allra þeirra sem að málunum koma. Þessi nýi rammi er tvíþættur:

- Aðgerðir verði samræmdar í þeim málefnum sem sérstaklega snúa að ungu fólki.
- Tekið verði aukið tillit til ungs fólks í öðrum stefnumiðum.

4.1. Málefni ungs fólks

4.1.1 Samræming aðgerða

Í grein 149 í sáttmála aðildarþjóðanna er talað um að stuðla að bættri menntun með því að auka samvinnu þjóðanna.

Löggjafarvaldið nær ekki til hugðarefna unga fólksins, eins og þær komu fram í viðhorfskönnuninni. Á hinn bóginn er ljóst að gildi samvinnu er viðurkennt af öllum almenningi. Þá er það einlægur vilji allra aðildarríkjanna að auka samvinnu sín á milli.

Af þessum ástæðum er samræming aðgerða sú aðferð sem best á við og er líklegust til árangurs miðað við núverandi aðstæður. Aðferðin felur í sér endurbættar „viðmiðunarreglur fyrir ESB ásamt tímaáætlun þeirra markmiða sem aðildarríkin settu sér. Árangurinn verður borinn saman við það sem best gerist í heiminum, bæði hvað gæði og magn varðar. Viðmiðunarreglurnar verða aðlagðar stefnu hvers svæðis/lands fyrir sig með markmiðssetningu og samræmingu aðgerða. Tekið verður tillit til sérstöðu þjóða og landssvæða. Þá mun reglubundið eftirlit fara fram ásamt endurmati og endurskoðun.“¹²

Í tengslum við samræmingu aðgerða er „hvatt til samvinnu og skipst á bestu aðferðum sem þekkjast. Í henni má einnig finna sameiginleg markmið og viðmiðunarreglur fyrir aðildarríkin. Hún gerir ráð fyrir reglubundnu eftirliti með framvindu samvinnunnar svo

¹² Niðurstöður Evrópunefndarinnar sem kom saman í Lissabon, 23. og 24. mars 2000, 37. málsgrein.

markmiðum verði frekar náð. Þannig geta aðildarþjóðirnar borið sig saman hver við aðra og lært hver af annari.“ (Hvítbók um stjórnhætti ESB.)

Samræming aðgerða í málefnum ungmenna leitar fyrirmyndar í samræmingu aðgerða í menntamálum. Forgangsatíði, sameiginleg markmið og viðmiðunarreglur eru skilgreind, ásamt aðferðum eftirfylgdar. Samræmingin felur einnig í sér samráð meðal ungs fólks.

Framkvæmdastjórn ESB leggur til eftirfarandi áætlun:

- Ráðherranefndin ákveður reglulega hvaða sameiginlegu hagsmunamál skulu hafa forgang. Höfð sé hliðsjón af tillögum Framkvæmdastjórnarinnar.
- Sérhver aðildarþjóð tilnefnir einn tengilið við Framkvæmdastjórnina í málefnum ungs fólks. Tengiliðirnir koma svo upplýsingum til Framkvæmdastjórnarinnar um stefnumiðin, framkvæmdirnar og annað er málið varðar.
- Framkvæmdastjórnin afhendir síðan Ráðherranefndinni útdrátt og greiningu á þessum upplýsingum, ásamt tillögum að sameiginlegum markmiðum.
- Ráðherranefndin ákveður viðmiðunarreglur og markmið hvers málefnis fyrir sig. Þá ákveður hún hvernig eftirliti verður háttáð og hvaða viðmið sett.
- Framkvæmdastjórnin sér um reglubundið eftirlit og endurmat. Hún miðlar svo upplýsingum til Ráðherranefndar æskulýðsmála.
- Evrópuþingið gegnir ákveðnu hlutverki í þessu ferli og kemur að tilhögun eftirlitsins. Efnahags- og félagsmálanefndin ásamt svæðanefndinni þurfa einnig að fá tækifæri til að koma með sitt álit.
- Leitað verði álits ungs fólks á því hvaða mál skuli hafa forgang og við eftirfylgd málanna (sjá lið 4.1.2 „Þátttaka“).
- Þátttaka væntanlegra aðildarþjóða verði eins mikil og hægt er.

Samræming aðgerða er hrein viðbót við aðra starfshætti ESB. Hún gengur ekki í berhöggi við þær ákvarðanir sem kunna að verða teknar í samræmi við sáttmála aðildarþjóðanna og gætu hvatt Framkvæmdastjórnina til að gera tillögur undir grein 149, svo dæmi sé tekið.

4.1.2 *Svigrúm til samræmingar í málefnum ungs fólks*

Af þeim málum sem heyra undir æskulýðsmál og samrýmast samræmingarferlinu eins og því er lýst hér að ofan, leggur Framkvæmdastjórn ESB áherslu á þátttöku, sjálfbodaþjónustu, upplýsingar, að kynna stjórnvöldum hugðarefni ungs fólks og hvert það mál sem varðar ungt fólk sérstaklega. Það getur verið æskulýðsstarf, æskulýðsfélög,

götusmiðjur, verkefni sem hvetja til þegnskapar, samþættingar og samstöðu ungs fólks. Sum þessara mála kunna þó að vera innan annarra málaflokka s.s. atvinnumála, félagslegrar samþættingar eða menntamála. Þetta er mjög í samræmi við þær aðgerðir sem unnar eru í málefnum ungmenna í einstökum löndum.

Nánari útfærsla samræmingarinnar getur orðið í samræmi við niðurstöður viðhorfskönnunarinnar sem lýst er í viðauka 1. Það myndi þýða aukna samvinnu í æskulýðsmálum og að bregðast verði við hinum ýmsu áskorunum.

Verði aðgerðir samræmdar á það eftir að auka gildi annarra stefnumiða, frumkvæðisverkefna og aðgerða ESB, bæði hvað varðar innihald og áhrif.

Miðað við umfang þessara aðgerða vill Framkvæmdastjórn ESB leggja áherslu á eftirfarandi atriði varðandi samræmingu aðgerða – og skiptir þar þátttakan mestu.

- **Þátttaka**

Aðildarþjóðunum er einkar umhugað um þátttöku ungs fólks. Samræming aðgerða mun auka evrópskt gildi, einkum þar sem þátttökuaukningin bætir menntun og þegnskap ungmenna.

Þátttöku ber einkum að auka í heimabyggð, t.d. í skólum því þar eru aðstæður með besta móti. Gæta verður þess að átakið nái einnig til ungmenna sem standa utan félagasamtaka.

Samræming aðgerða gæti leitt til þess að yfirvöld kynni ný og sveigjanleg kerfi sem hvetja ungmenni til þátttöku. Það gæti einnig stuðlað að útbreiðslu ráðstefna fyrir ungt fólk sem ekki endilega er virkt í félagasamtökum.

Framkvæmdastjórn ESB áformar að leita álits evrópskra ungmenna í auknum mæli. Hún áformar einnig að halda málþing ungmenna í breyttri mynd þar sem ungmenni utan félagasamtaka eiga sína fulltrúa, líkt og meðlimir félagasamtaka. Tilgangurinn með þingunum er að fá álit ungmennanna á forgangsröðun samræmingarferlisins og eftirfylgdar þess. Þingin koma ekki í stað beinna ráðaleitana eða framtaksverkefna. Einnig ætti að vera mögulegt að fjölga fulltrúum ungmenna í efnahags- og félagasmálanefndinni.

Framkvæmdastjórn ESB telur að vissa þætti megi ráðast í nú þegar til samræmingar aðgerða. Hún hyggst:

- Skipuleggja viðtöl við ungt fólk og halda reglulega fundi um tiltekin málefni á árinu 2002.
- Í kjölfar leiðtogafundar í Nice árið 2002 var ákveðið að virkja ungt fólk í frumkvæðisverkefnum er varða framtíð Evrópu. Áætlunin tekur gildi árið 2002.

- Gera tillögur um tilraunaverkefni árin 2003 og 2004 sem ætlað er að auka þátttöku ungmenna í heimabyggð.¹³ Árangur tilraunaverkefnanna verður notaður við mat verkefna innan UFE styrkjaáætlunarinnar og við undirbúning nýrra áætlana.

- **Upplýsingar**

Miðlun upplýsinga til ungmenna og þátttaka þeirra haldast í hendur. Það er á ábyrgð aðildarþjóðanna að upplýsa ungmennin t.a.m. um Evrópumál. Því er nauðsynlegt að fjalla um upplýsingar þegar rætt er um samræmingu aðgerða. Nauðsynlegt er að ná til ungmennanna sjálfra sé þess nokkur kostur, annars til þeirra sem umgangast þau í skólum, íþróttafélögum, samtökum o.s.frv. Þetta kallar á samræmdar aðgerðir, umtalsverða fjármuni og þátttöku ungmenna í að útfæra þetta upplýsingaferli. Þessi aðferð verður í samræmi við nýja stefnu ESB í upplýsingamálum sem nú er verið að útfæra í samstarfi við Evrópuþingið.

Framkvæmdastjórn ESB telur að vissa þætti megi ráðast í nú þegar til samræmingar aðgerða. Hún hyggst:

- Setja upp vefsíðu þar sem ungt fólk getur gengið að upplýsingum um Evrópumál. Þetta verði gert í byrjun árs 2002 og tilgangurinn er að ná fram samvirkni milli nýju vefsíðunnar og þeirra sem fyrir eru.
- Koma á Nettorgi.

- **Sjálfbodaþjónusta ungs fólks**

Sjálfbodaþjónusta er aðferð til þátttöku í samfélaginu sem gefur mikið af sér. Hún stuðlar að samþættingu og notagildi og stenst þannig væntingar bæði ungmennanna og samfélagsins.

Samræma þarf aðgerðir við þróun sjálfbodaþjónustu í einstökum löndum og landshlutum. Þá kann að reynast nauðsynlegt að skoða aðstæður ungra sjálfbodaaliða, sérstaklega lagalega og félagslega vernd þeirra.

Jákvæð reynsla af sjálfbodaþjónustunni gegnir mikilvægu hlutverki í að gera sjálfbodaþjónustuna að fýsilegum kosti fyrir ungt fólk. Tryggja þarf viðurkenningu á menntunargildi sjálfbodaþjónustunnar í Evrópu. Einnig þarf sjálfbodaþjónustan að fá viðurkenningu sem óformleg menntun. Hægt er að hugsa sér útvíkkun sjálfbodaþjónustunnar svo hún nái til alþjóðlegra hópa sem hafa skipulagt og stutt sjálfbodaþjónustu. Aðildarþjóðirnar ættu án tafar að fjarlægja þær hindranir sem koma í veg fyrir hreyfanleika ungra sjálfbodaaliða.

- **Aukinn skilningur á aðstæðum ungs fólks**

¹³ T.d. þar sem Internetið er notað í frumkvæðisverkefnum sbr. „rafrænt lýðræði“.

Auka þarf skilning almennings á aðstæðum ungs fólks í Evrópu. Í þessum tilgangi vill Framkvæmdastjórn ESB samræma aðgerðir til að:

- Samnýta núverandi fyrirkomulag, kannanir og rannsóknir á málefnum ungmenna innan ESB; höfð verði hliðsjón af vinnu og frumkvæði annarra alþjóðlegra stofnana s.s. Evrópuráðsins, Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), Sameinuðu Þjóðanna o.s.frv.
- Skerpa línurnar og beina umræðunni í „evrópskan“ farveg.
- Koma af stað rannsóknaráætlun, þar sem það á við, sem byggir á vinnu heimamanna í hverju landi og nýta þannig þá möguleika sem sjötta evrópska rannsóknaráætlunin býður upp á.¹⁴
- Setja skilyrði fyrir nauðsynlegum tölfræðiupplýsingum og að þær upplýsingar sem fyrir liggja hjá evrópska hagskýrslukerfinu¹⁵ verði nýttar sem best.

4.2 Stefnumið taki tillit til ungs fólks

Öll þau málefni sem rædd voru í viðhorfskönnuninni s.s. atvinnumál, menntamál, formleg og óformleg menntun, félagsleg samþætting, kynþáttafordómar og útlendingahatur, innflytjendamál, neytendamál, heilbrigðismál, umhverfismál, jöfn tækifæri kynjanna o.s.frv. þarf að samræma milli yfirvalda, bæði á lands- og Evrópuvísu.

Stefnumið og aðgerðir Evrópuríkja munu byggjast á sáttmálanum þótt nálgunaraðferðir ríkjanna kunni að verða mismunandi.

Framkvæmdastjórn ESB mun tryggja að tekið verði meira tillit til þeirra viðmiðunarregla sem snerta ungmenni þegar unnið er að stefnumótun og aðgerðum, óháð nálgunaraðferðum. Niðurstöður viðhorfskönnunarinnar eins og þær eru birtar í viðauka 1 verða einnig hafðar til hliðsjónar í þessu samhengi.

Ráðherrar sem fara með æskulýðsmál ættu einnig að tryggja að hagsmunir ungmenna séu teknir með í reikninginn þegar unnið er að stefnumótun í öðrum málaflokkum. Þetta á bæði við um stefnumótun einstakra landa og ESB.

Framkvæmdastjórnin telur að menntun, símenntun, hreyfanleiki, atvinnumál og félagsleg samþætting, kynþáttafordómar og útlendingahatur séu þau málefni sem helst þyrftu að taka tillit til ungs fólks. Það álit er byggt á niðurstöðum viðhorfskönnunarinnar. Spurningin um sjálfstæði ungs fólks krefst einnig ítarlegrar athugunar.

¹⁴ 7. forgangslíður í rannsóknaráætlun fyrir 2002-2006: „Borgarar í vaxandi þekkingarsamfélagi“ (Citizens in an evolving knowledge society).

¹⁵ Evrópska hagskýrslukerfið (The European Statistical System, ESS) er net opinberra stofnana í hverju landi sem eru ábyrgar fyrir söfnun, úrvinnslu og byrtingu upplýsinga sem nauðsynlegar eru samfélaginu og efnahag þess. Hagstofa ESB er kjarni evrópska hagskýrslukerfisins.

- **Menntun, símenntun og hreyfanleiki**

Því er beint til leiðtoga ráðs ESB að það skoði sérstaklega menntun og þjálfun, hvort sem er í skólum eða á vettvangi óformlegrar menntunar (að það skoði markmið menntunar og þjálfunar og geri Evrópu að vettvangi símenntunar og -þjálfunar.). Fylgja þarf þessum málum eftir innan ESB.

Æskulýðssamtök, félagsráðgjafar og yfirvöld margra landa vinna náið með ungu fólki. Halda verður áfram að fara ótroðnar slóðir í þessari vinnu og hún þarf að vera hluti af símenntun og þjálfun. Þá þarf að huga að eftirtöldum atriðum:

- Endurskilgreina þarf hugtök, gæðakröfur og hvaða kunnáttu sé krafist.
- Taka þarf meira tillit til þess fólks sem tekur þátt í (þessum aðgerðum.) ?
- Aðgerðirnar þurfa meiri viðurkenningu.
- Fjölga þarf valkostum formlegrar menntunar og - þjálfunar.

Aðgerðaáætlun og tillögur um hreyfanleika liggja einnig fyrir. Þær voru samþykktar af leiðtoga ráðinu sem koma saman í Nice í desember 2000. Einnig fóru þær í gegnum samákvörðunarferli Evrópuþingsins og leiðtoga ráðsins í júlí 2001. Þessi frumkvæðisverkefni verða að vera í samræmi við niðurstöður áðurnefndrar samræmingar.

- **Atvinnumál**

Evrópusambandið hefur um árabíl látið mjög að sér kveða í atvinnumálum. Í framhaldi af fundi leiðtoga ráðsins í Luxemburg í nóvember 1997 var hleypt af stokkunum evrópskri áætlun í atvinnumálum sem byggð var á „atvinnumálakafla“ Amsterdamsáttmálans.

Aðildarríkin skulu framfylgja þeim stefnumiðum sem stuðla að samþættingu og framförum á vinnumarkaði. Þessi stefnumið snúast aðallega um fjögur atriði: Að auka vinnufærni, stuðla að nýsköpunarhugarfari og fjölgun starfa, hvetja til aðlögunarhæfni fyrirtækja og starfsfólks þeirra, stuðla að jöfnum tækifærum kynjanna.

Í „atvinnumálakaflanum“ er lögð áhersla á þörfina fyrir stefnumið í baráttunni við langtíma atvinnuleysi og mikilvægi persónulegrar ráðgjafar í þeirri baráttu; endurbætt mennta- og þjálfunarkerfi; dregið verði úr ótímabæru brottfalli nemenda úr námi; fræðsla um tækninýjungar verði öllum aðgengileg.

- **Félagsleg samþætting**

Leiðtoga ráðið sem kom saman í Lissabon í mars 2000 ákvað að samræma aðgerðir til að hlúa að félagslegri samþættingu. Þessi aðferð, sem byggir á áætlunum í atvinnumálum samanstendur af sameiginlegum markmiðum í baráttunni gegn félagslegri einangrun og

fátækt annars vegar (tekið upp á fundi leiðtogaáætlunum sem kom saman í Nice í desember 2000) og aðgerðaáætlunum landanna hins vegar (fyrst kynntar í júní 2001).

Aðildarríkin hafa verið hvött til að forgangsraða og tiltaka hvaða aðgerðir þau muni leggja áherslu á, byggt á fjórum sameiginlegum markmiðunum frá Nice: Efla þátttöku á vinnumarkaði og aðgengi allra að nauðsynlegum úrræðum, réttindum og þjónustu; koma í veg fyrir einangrun; aðstoða þá þjóðfélagsþegna sem minna mega sín; virkja almenning og halda gildi almennrar þátttöku á lofti.

Hvað varðar málefni ungs fólks, þá hafa ýmis viðhorf komið fram bæði í sameiginlegum markmiðum og aðgerðaáætlunum landanna s.s.: þróun vinnumarkaðar sem styður þátttöku ungs fólks; tryggðar verði tekjur og fullnægjandi úrræði fyrir þau ungmenni sem glíma við erfiðleika, sérstaklega þau sem tilheyra minnihlutahópum, ungar konur í ótryggum störfum og fötluð ungmenni; tekið verði á misrétti í námi; bæta þarf aðgang að þjónustu sem varðar lífsgæði (húsnæði, heilbrigðismál, menning og réttarkerfi); glæða illa sett svæði nýju lífi.

- **Ungt fólk gegn kynþáttafordómum og útlendingahatri**

13. grein Amsterdamsáttmálans styður baráttu gegn hvers konar mismunun. Þá hefur ESB unnið að nýjum samþykktum í þessum málum (um er að ræða tvær reglugerðir og aðgerðaáætlun).¹⁶

Ungt fólk er yfirleitt tilbúið að berjast gegn mismunun, sérstaklega kynþáttafordómum og útlendingahatri. Ungt fólk er einnig mjög hlynnt fjölbjóðlegu samfélagi.

Gert er ráð fyrir að baráttan gegn kynþáttafordómum og útlendingahatri verði forgangsafríði allra ESB áætlana og aðgerða sem snerta ungt fólk. Samvinnu við „Eftirlitsmiðstöð Evrópu með kynþáttafordómum og útlendingahatri“ mætti auka og styðja þarf borgaralegar aðgerðir á þessu sviði. Framkvæmdastjórn ESB mun samræma aðgerðir og leiða saman æskulýðssamtök sem eru virk á þessu sviði og berjast fyrir virðingu allra, sérstaklega minnihlutahópa. Markmiðið er að gera ungu fólki kleift að leggja lóð sín á vogarskálar þessarar baráttu innan ESB.

Þessi atriði ættu einnig að hafa forgang hjá aðildarríkjunum í málaflokkum er snerta ungt fólk. Hleypa þarf staðbundnum verkefnum af stökkunum sem teygja sig enn lengra en áður hefur þekkt í átt til samstöðu og ábyrgðar. Slík verkefni gegna hér lykilhlutverki.

- **Sjálfstæði ungs fólks**

¹⁶ Reglugerð 2000/43/EC útfærir meginregluna um jafna meðferð einstaklinga án tillits til kynþátta eða þjóðernis.

Reglugerð 2000/78/EC er rammi um jafna meðferð í starfi.

Aðgerðaáætlun ESB berst gegn mismunun 2001-2006: áætlunin styður aðgerðir sem berjast gegn mismunun vegna kynþátta, þjóðernis, trúar, skoðana, fötlunar, aldurs og kynhneigðar.

Framkvæmdastjórn ESB áformar að setja saman vinnuhóp með fulltrúum stjórnvalda sér og ráðherranefndinni til ráðgjafar um sjálfstæði ungs fólks. Ástæðan er mikilvægi sjálfstæðis fyrir ungt fólk skv. niðurstöðum viðhorfskönnunarinnar. Hér er um margslungið vandamál að ræða sem krefst sérfræðipækningar. Lausnin felst í hinum ýmsu stefnumiðum öðrum en í málefnum ungmenna (atvinnumál, fjölskyldan, félagsleg vernd, heilbrigðismál, samgöngur, réttarkerfið og innanríkismál).

4.3 Hlutverk ungmennaáætlunar ESB (UFE) styrkjaáætlunarinnar

Markmið styrkjaáætlunarinnar Ungt fólk í Evrópu (UFE) er að hvetja ungt fólk til að leggja sitt af mörkunum til samþættingar Evrópu og stuðla að gagnkvæmum skilningi milli menningarheima; styrkja grundvallargildi s.s. mannréttindi og baráttu gegn kynþáttafordómum og útlendingahatri; stuðla að samstöðu; hvetja til framtakssemi, frumkvæðis og sköpunargleði; auka viðurkenningu óformlegrar menntunar; styrkja samvinnu allra sem vinna að málefnum ungs fólks. Þau lönd sem þegar hafa sótt um inngöngu í ESB geta einnig tekið þátt í áætluninni.

Líta þarf á UFE áætlunina sem tæki til að auka samvinnu eins og henni er lýst í þessari Hvítbók. Með fullri virðingu fyrir ákvörðun¹⁷ Evrópuþingsins og leiðtogaáráðinu sem ýtti þessari áætlun úr vör, áformar Framkvæmdastjórn ESB að við undirbúning verkefna hvers árs skuli verkefni sem fela í sér samræmingu aðgerða hafa forgang. Mat hálfnaðra verkefna og undirbúningur nýrrar áætlunar frá 2007 munu að sama skapi tryggja að áætlunin veiti bestan stuðning við verk sem unnin eru eftir samræmingarferlinu í æskulýðsmálum.

Til viðbótar áður nefndum aðgerðum, sem verða þróaðar innan UFE áætlunarinnar og sem svar við Hvítbókinni, ætti að halda úti vefsíðu um kynþáttafordóma og útlendingahatur. Vefsíðan yrði hönnuð með ungmenni í huga og stjórnað af þeim, sé það mögulegt.

5.0 Lokaorð

Hvítbókin leggur ESB til ramma um samvinnu í málefnum ungs fólks.

Verði farið að þessum tillögum er verið að bregðast við kröfu allra sem láta sig málefni ungs fólks varða, þ.m.t. aðildarríkin.

Samvinnan mun leiða til spennandi framkvæmda innan ESB og einstakra landa. Hún mun einnig byggjast á samræmdum aðgerðum í æskulýðsmálum. Þá mun hún leiða til þess að aukið tillit verður tekið til ungs fólks í öðrum stefnumiðum.

Fyrst í stað verður Hvítbókin kynnt á málþinginu í Ghent sem forsetaembætti Belgíu stendur fyrir. Þar munu koma saman allir þeir aðilar sem leitað var til í undirbúningsvinnunni. Framkvæmdastjórn ESB mun kynna ráðherrunum niðurstöður sínar á ráðstefnu um mennta- og æskulýðsmál þann 29. nóvember. Hvítbókin verður einnig kynnt fyrir Evrópuþinginu, svæðanefndinni og efnahags- og félagsmálanefndinni.

¹⁷ Ákvörðun nr. 1031/2000/EC frá 13.04.2000

Framkvæmdastjórnin mun koma samþykktri samvinnuáætlun í gagnið og annast nauðsynlegt eftirlit og eftirfylgd.